

Veiðimálastofnunin,  
febrúar 1983  
Jón Kristjánsson.

Ólafsfjarðarvatn, fiskifræðilegar  
athuganir 1981 og 1982.

Tilgangur þessara athugana var fyrst og fremst að fá hugmynd um líffræði bleikjunnar í vatninu með tilliti til þess hvernig best mætti standa að nýtingu hennar. Þetta var frumathugun á bleikjunni sem sýndi í grófum dráttum hvernig landið lá, og í ljósi þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir er hægt að gera áætlun um frekari rannsóknir.

Rannsóknargögn og aðferðir.

Sýni voru tekin í Fjarðará með ádrætti á fiskgenga hlutanum en veitt var með rafmagni ofan fossa. Tilraunanet voru lögð í Ólafsfjarðarvatn, möskvastærð neta 19-45 mm. Allur aflí var mældur (ekki veginn) og aldursýni tekin úr hluta aflans. Kyn var ákvarðað, svo og kynþroski. Magainnihald var greint á staðnum með berum augum. Tekið var eitt hal með snurvoð, en í hana fékkst eingöngu koli. Silungur virtist ekki vera á grunnu vatni í björtu á þessum tíma (byrjun september). Í lagnet veiddust 104 bleikjur (auk þess koli og síld) og er lengdardreifing aflans sýnd á mynd 1. Aldurssýni voru tekin úr 13 bleikjum á fiskgenga hlutanum og 4 ofan fossa.

Niðurstöður.

7 net lágu í vatninu NA-verðu eina nótt. 104 fiskar veiddust og skiptist aflinn milli möskvastærða eins og sýnt er í töflu 1.

Fjöldi neta	Möskvastærð m m á legg	Fjöldi fiska
1	45	2
1	40	3
1	40	8
1	35	
1	26	18
1	19,5	26
1	18,4	47
Samt. 7 net		104 fiskar.

Hér má greinilega sjá að afli vex eftir því sem möskvinn smækkar. Það bendir til þess að hlutfallslega mikið sé af smáfiski í vatninu (óeðlilega mikið). Lengdardreifingin í mynd 1. sýnir að langmestur hluti aflans er smáfiskur, (60% að tölunni til var minni en 24 cm og ca 120 grömm). Aldursákvörðun var gerð á 31 bleikju úr vatninu og eru niðurstöður sýndar í mynd 1. Sjá má að jafngamlir fiskar eru mjög misstórir, og þess vegna er óraunhæft að reikna út meðallengd árganga og vinna með slíkar tölur. Eftir á að hyggja hefði þurft að taka miklu fleiri aldurs-sýni, sérstaklega af smáfiskinum, til þess að fá betri hugmynd um árgangaskiptingu í stofninum. 26 fiskar voru með tóman maga, 5 voru með hálf tóman og fæðan aðallega marfló.

Úr Fjarðará voru rannsakaðar 13 bleikjur veiddar 27 ágúst 1981, og auk þess nokkrar staðbundnar bleikjur ofan fiskgengra fossa. Bleikjurnar voru allar kynþroska, skipting í aldurs-flokka er sýnd í töflu 2.

Tafla 2. Aldursskipting og meðallengd árganga kynþroska bleikju úr Fjarðará 27/8 1981, (fiskgengi hlutinn)

Aldur	Fjöldi	Meðallengd	Spönn
4+	4	32,0	26,0-38,0
5+	5	37,5	31,5-43,0
6+	3	40,7	37,0-44,0
8+	1	36,5	

Sennilega eru flestir þessir fiskar sjógengir, en slíkt er þó ekki hægt að fullyrða nema með merkingum og gildruútbúnaði við sjó.

Fjórir fiskar sem veiddust ofan við fossa í Fjarðará voru aldursgreindir. 2 vetra 8,2 sm ókynþroska, 4 vetra 16 sm kynþroska, 5 vetra 20 sm kynþroska og 7 vetra 20,5 sm kynþroska, allt hængar. Þarna er um að ræða staðbundinn bleikjustofn sem hefur verið einangraður, sennilega frá því rétt eftir ísöld (svo framanlega að ekki hafi verið sleppt fiski á svæðið). Vöxtur er mjög hægur og þessi fiskur verður ekki stórvaxinn (vegna næringarleysis). Ekki er vitað í hve miklum mæli þessi bleikja leitar niðureftir ánni.

Nokkrum laxaseiðum hefur verið sleppt í volgrur sem tengjast þessu svæði, og fundusr nokkur þeirra við rafveiðar. Þau voru stór og feit, en þetta svæði er svo lítið að heildarfjöldi seiða er varla umtalsverður. E.t.v. mætti stækka þetta volgrusvæði með framkvæmdum, og auka þannig burðargetu svæðisins fyrir laxinn.

#### Ályktanir og umræður.


Ljóst er að mikið er af silungi í Ólafsfjarðarvatni og að megnið af honum er smátt. En gagnstætt því sem venja er í ofsetnum vötnum (smár, gamall fiskur) þá er fiskurinn í Ólafsfjarðarvatni ungur og vex eðlilega. Þetta setur talsvert strik í reikningin og vekur upp ýmsar spurningar. Getur t.d. verið að fiski sé að fjölga í vatninu, á allra síðustu árum? Getur verið að dánartala sé svona há frá 4 ára aldri?

Það er hugsanlegt að bleikju sé að fjölga í vatninu eftir undangengna lögð, en það getur einnig verið að dánartala sé svona mikil. Úr þessu fæst ekki skorið nema með áframhaldandi rannsóknum. Í skýrslu frá 1901 eftir Bjarna Sæmundsson segir um Ólafsfjarðarvatn: "Í vatninu er annars nokkuð af silungi (urriða og bleikju) sem gengur í það úr sjó og allt fram í á, einkum hin stærri. Er hann veiddur í lagnet í vatninu, eitthvað um 4000 á ári, en smár, og nokkuð í ádrátt í ánni, vænni." Þetta er lýsing sem vel gæti átt við í dag, og megi því álykta að það sé hin háa dánartala sem valdi smáfiskamergöðinni, en það kemur væntanlega í ljós síðar.

Mér skilst að yfirleitt séu notuð stórriðin net í vatninu, menn hafa skiljanlega áhuga á að ná í góðan fisk. En ég held að það væri rétt að fara að veiða meira af smærri fiski og sjá hvað gerist við það. Þá þarf að minnka möskvann niður í 26 mm (24 omf/alín) en það er smærra en leyfilegt er í vötnum þar sem sjógöngufiskur fer um og verður því að sækja um undanþágu til þess.


Talsverð bleikja var í Fjarðará á þessum tíma og mun hafa veiðst mikið á stöng sl. ár. Fyrirkomulagi veiðanna var breytt í fyrri, í stað þess að áður máttu veiðileyfishafar veiða þar sem þeim sýndist, er ánni nú skipt í veiðisvæði og selt sérstaklega á hvert svæði. Þetta dreifir sókninni um ána þannig að hún nýtist betur. Nokkurn tíma tekur alltaf að finna heppilegan sóknarþunga, og hvort hann sé t.d. of eða van. Ég tel ekki að hrygningarstofninn komist í hættu vegna of mikillar sóknar, en fiskur gæti almennt smækkað ef of mikið væri staðið við. Komi það í ljós er auðveld leið til baka. Þetta verður eins og annað að sýna sig með tímanum.

MYND 1.



ALDURSDREIFING BLEIKJU ÚR 'OLAFSFJARÐARVATNI

HVER TALA TÁKNAR EINN FISK, OG  
TÖLUGINDIÐ ALDUR HANS Í VETRUM



LENGDARDREIFING BLEIKJUAFLA  
ÚR 'OLAFSFJARÐARVATNI 6/9 1982